



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
fimmtudaginn 5. febrúar kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mættir: Vilberg Þráinsson, Guðrún Guðmundsdóttir og Eggert Ólafsson í forföllum Ágústs Más Gröndal. Einnig sátu fundinn Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir skólastjóri, Svanborg Guðbjörnsdóttir f.h. kennara grunnskólasviðs, Ingibjörg Smáradóttir f.h. foreldrafélags Reykhólaskóla og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er þrjár blaðsíður.

Vilberg bauð fólk velkomið og leitaði afbrigða að taka 2 mál undir liðnum önnur mál. Var það samþykkt samhljóða. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 1501015 – Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 4. desember 2014.

Samþykkt samhljóða.

2. 1412002 – Gjaldskrár 2015.

Vísað til afgreiðslu í mennta- og menningarmálanefnd á fundi sveitarstjórnar þann 15. desember 2014.

Lagt var til að gjald í sund fyrir 6-17 ára yrði 250 krónur og gjald fyrir fullorðna verði 500 krónur. Elli- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í sveitarfélaginu fái frítt í sund, annars 250 krónur eins og börn. Tuttugu miða kort verði 6.500 krónur og árskort verði 20.000 krónur. 20 miða kort fyrir börn verði 3.300 krónur og árskort fyrir börn verði 8.000 krónur. Leiga á sundfatnaði og handklæði verði 500 krónur. Ekkert gjald fyrir 0-5 ára.

2.1. Gjaldskrá vegna tjaldsvæðis við Grettislaug. *Lagt er til að einfalda gjaldskrána enn frekar og hafa sama gjald fyrir tjöld og fellihýsi. Gistináttgjaldið sé innifalið í verðinu. Gjaldið lækkar þegar ef gist er fleiri nætur en eina. Rafmagn á sama verði og hefur verið, 650 krónur. Elli- og örorkulífeyrisþegar fái 50% afslátt af gjaldskrá.*

	1 nótt	2 nætur
1 maður	1.600	3.000
2-4	2.000	4.000
5-6	2.600	5.000
7 manns og fleiri	3.300	6.000

2.2. Gjaldskrá vegna útleigu á húsnæði Reykhólaskóla.

Vantar inn í gjaldskrá leiguna á skólanum fyrir einn sólarhring virka daga yfir sumartímann. Lagt er til að sólarhringsverðið fyrir skólann án íþróttahúss verði 55 þúsund krónur. Miðað er við að leigutími sé frá 12 að hádegi fram til 12 næsta dag.

3. 1501011 – Tónlistarkennsla á Reykhólum.

Erindi frá Aldísi Elínu Alfreðsdóttur dagsett 8. janúar 2015, vísað til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar þann 8. janúar 2014.

Nefndin fagnar því að fá tónlistarkennslu á Reykhóla og leggur til að greiða tónlistarkennara samkvæmt akstursnótum á taxta ríkisstarfsmanna. Samþykkt samhljóða.

4. 1502002 – Breytingar á skóladagatali 2014-2015.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 9. janúar 2015.

Nefndin samþykkir breytingar á skóladagatali 2014 -2015.

5. 1502003 – Fyrirframgreitt greiðslukort.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 9. janúar 2015.

Nefndin tekur vel í erindið og leggur til að sveitarstjórn samþykki að skólastjóri fái fyrirframgreitt kreditkort fyrir skólann.

6. 1502004 – Verklagsreglur leikskóladeildar Reykhólaskóla.

Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 9. janúar 2015.

Nefndin tekur vel í erindið og leggur til að verklagsreglur verði samþykktar.

7. 1412001 – Fjárhagsáætlun 2014, íþrótt- og tómstundakort.

Erindi frá Ágústi Má Gröndal móttakið 4. desember 2014, vísað til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar þann 15. desember 2014.

Nefndin tekur vel í erindið og leggur til að styrkur pr. barn á aldrinum 5-17 ára verði 15 þúsund krónur ár hvert. Framlögð drög að reglum verði unnin frekar.

8. 1412008 – Styrkumsóknir vegna ársins 2015, tónmennta- og tónlistarkennari, organisti, kórstjóri.

Erindi dagsett 8. des 2014 vísað til nefndarinnar á fundi hreppsnefndar þann 15. desember 2014.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn hitti sóknarnefndina og ræði málið og komist að niðurstöðu.

Mál til kynningar:

9. 1502011 – Mánaðarskýrsla skólastjóra.

Skólastjóri lagði fram og fór yfir mánaðaskýrslu. Skólastjóri hrósar sveitarstjórn að ráða tómstundafulltrúa til starfa í Reykhólahreppi.

10. 1502005 – Styrkur vegna námsupplýsingakerfis.

Erindi frá mennta- og menningamálaráðuneyti dagsett 25. nóvember 2014.

Lagt fram. Reykhólaskóli fékk 120 þús. kr. styrk vegna upplýsingakerfisins Námfús.

- 11. 1502006 – Heilsugæsla í skólum, heilsuefling í skólum; slysavarnir í skólum.**
Erindi frá mennta- og menningamálaráðuneyti dagsett 29. desember 2014

Lagt fram.

- 12. 1502007 – Nemendaspald vegna barna sem fædd eru árið 2009.**
Skrá send frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 21. janúar 2015.

Skráin lögð fram.

- 13. 1502008 – Reiknilíkan vegna vinnumats grunnskólakennara, 1. drög 7. janúar 2015.**
Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 7. janúar 2015.

Lagt fram.

- 14. 1502009 – Umsýsla með fagráði eineltismála í grunnskólum.**
Erindi frá menntamálaráðuneyti dagsett 26. janúar 2015.

Lagt fram.

- 15. 1502010 – Umsýsla með undanþágunefnd grunnskóla.**
Erindi frá menntamálaráðuneytinu dagsett 26. janúar 2015.

Lagt fram.

Önnur mál (ef einhver):

- 16. 1502012 – Viðmið vegna skólaaksturs.**
Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 5. febrúar 2015.

Skólastjóri fór yfir erindið og lagði fram drög að viðmiðunarreglum um akstur skólabarna í skólabíl í vondum veðrum.

Nefndin tekur vel í drögin og leggur til að skólabílstjórar og foreldrar barna fái drögin send til kynningar og tækifæri til að gera athugasemdir við þau.

- 17. 1502015 – Áskorun til Vegagerðarinnar.**
Erindi frá skólastjóra Reykhólaskóla dagsett 5. febrúar 2015.

Skólastjóri lagði fram drög að áskorun til Vegagerðarinnar vegna upplýsinga um færð á vegum um Reykhólahrepp í tengslum við skólaakstur.

Nefndin vísar erindinu til sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 19.30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____